

Fundur í svæðisráði Vatnajökulshjóðgarðs - vestursvæði haldinn á Laugalandi, 11. janúar 2010, klukkan 11.00.

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Sigurður Skúlason, Ólafía Jakobsdóttir, Leifur Þorsteinsson og Eydís Þ. Indriðadóttir, svæðisráði. Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri Vatnajökulshjóðgarðs og Kári Kristjánsson starfsmaður hjóðgarðsins, undir lið 2 og 3. Ingibjörg Eiríksdóttir, starfsmaður Háskólasetursins á Höfn undir lið 3.

1. Starf hjóðgarðsvarðar á Vestursvæði.

Ketill Sigurjónsson hefur sagt upp störfum og var auglýsing um starf hjóðgarðsvarðar birt í Morgunblaðinu 9. janúar s.l. Umsóknarfrestur rennur út 25. janúar. Umræður urðu um starf hjóðgarðsvarðar, húsnæðismál og fleira. Bent er á að svæðisráðið þyrfti að geta kallað til varamenn fyrir þá svæðisráðsfulltrúa sem verða vanhæfir vegna tengsla við umsækjendur, þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum eins og ráðningum starfsmanna. Óskað er eftir að framkvæmdastjóri hjóðgarðsins og formaður stjórnar komi að ráðningarferlinu ásamt svæðisráðinu, með formlegum hætti.

2. Rekstraráætlun ársins 2010, fyrir Vestursvæði – drög.

Gert er ráð fyrir 19.200 þús. kr. í laun, þannig að komið hefur verið til móts við óskir svæðisráðsins um einn viðbótarlandvörð frá því sem verið hefur. Svæðisráð leggur til að landverðir verði staðsettir í Nýjadal, Hólaskjóli, Laka og Hrauneyjum.

Áætlaður kostnaður við fundi og ferðir 5.500 þús. kr þ.m.t fæðis og ferðakostnaður landvarða. Rekstrarvörur 400 þús. kr. Aðkeypt þjónusta, 1.600 þús. kr. Húsnæði 3.600 þús. Bifreiðakostnaður 1.700 þús. kr. Önnur gjöld alls 13.200 þús. Eignakaup 500 þús. kr. Rekstrarkostnaður alls 32.900. þús. og hækka um 10.000 þús. kr. milli ára.

Skoðaðar myndir af samræmdum merkingum og skiltum sem hjóðgarðsverðir geta pantað fyrir sín svæði. Rætt um möguleika á þjónustusamningum við upplýsingamiðstöðvar á svæðinu.

Rætt um vefsíðu hjóðgarðsins og nauðsyn þess að uppfæra hana reglulega. Þjóðgarðsverðirnir mynda nokkurs konar ritnefnd sem hefur verið ráðgefandi um útlit og innihald síðunnar. Núverandi umsjónaraðili síðunnar er Guðmundur Ögmundsson, starfsmaður í Skaftafelli.

Samið hefur verið um smíði landvarðahúss í Blágiljum og reiknað með að það verði tilbúið til notkunar fyrir lok júní.

3. Tillögur vinnuhóps um Vonarskarð og Jökulheimasvæði – skil á greinargerð.

Greinargerð vinnuhópsins lögð fram. Elín Heiða þakkaði vinnuhópnum fyrir sína vinnu. Gert er ráð fyrir að Elín Heiða formaður svæðisráðsins taki við ábendingum frá hagsmunaaðilum um greinargerðina.

4. Drög að tillögu um verndaráætlun.

Ingibjörg Eiríksdóttir kynnti drög að tillögum að Verndaráætlun fyrir vestursvæði og fór yfir uppbyggingu Verndaráætlunarinnar. Ingibjörgu falið að senda fulltrúum svæðisráðsins þá punkta sem komnir eru til þess að bera saman við stefnu sveitarfélaganna sem fram kemur í gögnum um aðalskipulag þeirra. Mikilvægt að forgangsraða þeim verkefnum sem vinna þarf innan garðsins í kaflanum um atvinnustefnu.

5. Frestur á skilum á verndaráætlun

Beðið hefur verið um frest á skilum á verndaráætlun þjóðgarðsins og hann veittur til 31. janúar n.k.

6. Önnur mál

Kári lagði áhersu á að náið samráð þarf að vera milli þeirra starfsmanna sem ráðnir eru á svæði þjóðgarðsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 14:30